



Fundur háskólaráðs 25. mars 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 19.03.2004
Dags: 25.03.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

06/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 25. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, María Guðmundsdóttir, Anna Soffía Hauksdóttir, Oddný G. Sverrisdóttir, Þorsteinn Loftsson, Jón Ólafur Skarphéðinsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Matthías Páll Imsland og Davíð Gunnarsson.

1. Til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram yfirlit yfir fundi og viðburði á vormisseri 2004.
- 1.2 Lagðar fram starfsreglur um Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði, dags. 12. mars 2004.
- 1.3 Lagðar fram reglur um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2004 – 2005.
- 1.4 Lagt fram bréf frá Umboðsmanni Alþingis, dags. 22. mars 2004. Í bréfinu kemur fram að nemandi hafi kvartað yfir þeirri ákvörðun háskólaráðs frá 18. desember 2003 að ekki skuli veittar neinar undanþágur frá skráningartímabili árlegrar skráningar fyrir háskólaárið 2004 – 2005 í Háskóla Íslands og greiðslu skráningargjalds. Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Að umræðu lokinni samþykkti ráðið svohljóðandi bókun:
„Háskólaráð áréttar þann skilning sem lá að baki þeirri ákvörðun ráðsins 18. desember 2003, er fjármál Háskóla Íslands voru á dagskrá, að ekki verði veittar neinar undanþágur frá skráningartímabilum og greiðslu skrásetningar-gjalds.”
Rektor var falið að svara bréfi Umboðsmanns Alþingis.
- 1.5 Lögð fram drög fundargerðar 12. háskólafundar, 22. mars 2004.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Drög að tillögu að breytingum á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 sem nauðsynlegar eru verði 12. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 breytt í samræmi við samþykkt háskólaráðs 25. febrúar sl. Jafnframt lögð fram frumdrög að endurskoðuðu verklagi við ráðningu akademískra starfsmanna sem leiðir af þessum breytingum.
Rektor fór yfir málið og var það rætt ítarlega.
- Afgreiðslu reglubreytinganna frestað og samþykkt samhljóða að fela rektor að fara þess á leit við menntamálaráðherra að sá hluti lagabreytingarinnar sem fjallar um dómnefndir verði ekki afgreiddur á Alþingi að svo stöddu.
- 2.2 Lögð fram tillaga frá Guðmundi R. Jónssyni, framkvæmdastjóra rekstrar- og framkvæmdasviðs um að Háskóli Íslands hætti að greiða fyrir lengdan opnunartíma Þjóðarbókhöfðu á prófatíma.
- Samþykkt með sjö atkvæðum en einn var á móti.

- 2.3 Lagt fram erindi frá Stúdentaráði Háskóla Íslands vegna skráningargjalda við Háskóla Íslands fyrir veturinn 2004 – 2005.
Málið var rætt.
- Samþykkt einróma að veita stúdentum greiðslufrest á skráningargjaldi til 4. júní nk.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Umsögn háskólafundar 22. mars sl. um það hvort leggja skuli til við menntamálaráðherra að hann beiti sér fyrir breytingu á lögum sem veiti Háskólanum heimild til að innheimta gjöld af nemendum í hefðbundnu háskólanámi, sbr. síðasta fund.
Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins og var það rætt ítarlega. Rektor lagði fram tillögu að svo hljóðandi ályktun: „Háskólaráð óskar eftir því að hafnar verði sem fyrst formlegar viðræður milli Háskóla Íslands og menntamálaráðherra um eftirtalin atriði:
a) Þátt Háskóla Íslands í uppbyggingu háskólastigsins á Íslandi næstu tíu árin.
b) Þátt stjórnvalda í sérstakri uppbyggingu meistara- og doktorsnáms við Háskóla Íslands.
c) Framtíðarfjármögnun kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands – þar á meðal kosti og galla skólagjalda.

Háskólaráð felur rektor að gera menntamálaráðherra grein fyrir þessari ályktun og efnisatriðum hennar og jafnframt að kynna sérstaklega fyrir ráðherra umræðuna um skólagjöld innan Háskólans.

Matthías Imsland lagði fram breytingartillögu þess efnis að setningarhlutinn „þar á meðal kosti og galla skólagjalda“ yrði felldur út úr ályktunartillögum.

Fyrst var breytingartillagan borin undir atkvæði.
- Felld með 6 atkvæðum gegn 3.

Þá bar rektor ályktunartillöguna óbreytta undir atkvæði.
- Samþykkt með 8 atkvæðum en einn var á móti.

Matthías Imsland óskaði eftir því að bókað yrði að hann hefði greitt atkvæði gegn ályktuninni.

- 3.2 Hugmyndir fjármálanefndar um hækkun skrásetningargjalds, sbr. síðasta fund.
Rektor reifaði málið og var það rætt.
- Háskólaráð samþykkti einróma að fela rektor að taka málið upp við mennta-mála-ráðherra og fara þess eindregið á leit að hætt verði að draga skrásetningargjaldið frá fjárveitingu til Háskólans á fjárlögum.
- 3.3 Tillaga starfshóps rektors um að leitað verði stuðnings menntamálaráðherra við breytingu á gjaldtökuheimildum Háskólans til þess að gera þær skýrari, sbr. síðasta fund.
Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.
- Samþykkt samhljóða.
- 3.4 Málefni Upplýsingaþjónustu, sbr. fund ráðsins 18. desember 2003.
- Frestað.
- 3.5 Drög að samningi Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskóla Íslands um að sameina starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar (NE) og starfsemi jarð-vísinda-hluta Raunvísindastofnunar Háskólans (RH) í nýja stofnun, Jarðvísindastofnun Háskólans,

innan RH, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samningsdrögin samþykkt einróma og rektor falið að ganga frá málinu.

- 3.6 Málefni sendikennara, sbr. fund ráðsins 4. desember 2003 og 29. janúar sl. Tillaga á grundvelli skýrslu starfshóps sem lögð var fram í ráðinu 3. desember sl. Rektor gerði grein fyrir málinu. Svohljóðandi bókun var samþykkt einróma: „Háskólaráð telur rétt að áfram verði haldið við að þróa tillögur í skýrslu um málefni erlendra sendikennara við Háskóla Íslands. Í því sambandi verði gengið til samninga við þau erlendu ríki sem þess óska, um að ráðning erlendra sendikennara flytjist yfir til Háskóla Íslands í samræmi við reglur sem settar verði þar að lútandi. Skilyrði fyrir því að ráðning flytjist yfir er að fyrir liggji samningur við aðila í heimalandi sendikennarans um launagreiðslur hans.”

- Samþykkt einróma.

- 3.7 Tillögur að breytingu á sameiginlegum reglum Háskóla Íslands nr. 458/2000, sbr. síðasta fund.

- a) Hámarksfjöldi eininga sem stúdent má skrá sig á misseri, skv. 47. gr.
- b) Tilgreining lærdómstítla í 1. mgr. 54. gr.
- c) Reglur um Tækjakaupasjóð Háskóla Íslands í 76. gr.
- d) Ákvæði um „numerus clausus” í 2. mgr. 89. gr.
- e) Tilgreining námsgreina viðskipta- og hagfræðideildar í 1. mgr. 94. gr.
- f) Tilgreining kennslugreina heimspekideildar í 3. mgr. 101. gr.
- g) Tilgreining kennslugreina og prófgráða félagsvísindadeildar í 114. gr.
- h) Skoraskipting félagsvísindadeildar í 116. gr.
- i) Tilgreining kennslugreina raunvísindadeildar í 117. gr.
- j) Lágmarkseinkunnir og námsframvindureglur raunvísindadeildar í 119. gr.
- k) Endurskoðun á kennslugreinum hjúkrunarfræðideildar í 126. gr.

Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnarsýslu, gerði grein fyrir tillögunum.

- Framlagðar tillögur að breytingum á sameiginlegum reglum Háskóla Íslands nr. 458/2000 samþykktar einróma.

- 3.8 Endurskoðaður prófgráðulist, sbr. síðasta fund.

Þórður Kristinsson kynnti málið.

- Samþykkt einróma.

- 3.9 Samstarf Háskóla Íslands og Landspítala Háskólasjúkrahúss. Stefnunefnd H.Í. og LSH kom á fundinn. Framlagt yfirlit um verkefni stefnunefndar og stöðu mála.

Inn á fundinn komu fulltrúar í stefnunefnd H.Í. og LSH, þau Magnús Pétursson, Gísli Einarsson, Torfi Magnússon, Erla Kolbrún Svavarsdóttir og Stefán B. Sigurðsson, en auk þeirra situr Páll Skúlason háskólaректор í nefndinni.

Magnús Pétursson reifaði samstarfssamning H.Í. og LSH og framkvæmd hans. Lýsti Magnús almennti ánægju með hvernig tekist hefði til við að efna samninginn, þótt vissulega væri nokkuð verk óunnið.

Málið var rætt og svöruðu fulltrúar í stefnunefndinni framkomnum spurningum og athugasemdum. Í umræðunni var m.a. komið inn á málefni lyfjasviðs LSH, uppbyggingu sérnáms í heilbrigðisvísindagreinum og nauðsyn þess að báðar stofnanir snúi bókum saman og vinni markvist að því að rækta sameiginlega hagsmuni sína.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 15.35